

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um bygg- **63**
ingarbrjef þjóðjarða að því er ákvæði um viðarreka snertir. — Í póknanlegu brjefi, 30. apríl
dags. 30. jan. þ. á., hafið þjer, herra amtmáður, útaf erindi frá umboðsmanni þingeyra-
klausturs, sem þar með fylgdi, lagt það til, að umboðsmönnum leyfist, þar sem það á
við, að stryka út úr 12. gr. hinna nýju eyðublaða til byggingarbrjefa fyrir þjóðjörð-
um orðin »viðar og« og ennfremur orðin »og njóta leiguliðagagns þess, er þar segir«,
eða með öðrum orðum, að láta viðarreka á þjóðjörðum eigi vera undanskilinn leiguliða-
notum.

Útaf þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar, að jeg
sjái ekkert á móti því, að viðarreki á þjóðjörðum verði við byggingu þeirra látinn
fylgja leiguliðanotum, þar sem yður virðist slíkt hagkvæmt, og að framangreind orð þess
vegna verði felld þar burtu úr byggingarbrjefunum, en þess ber þó að sjálfsgöðu að
gæta viðvíkjandi upphæð eptirgjaldsins eptir rekjardirnar, að það verði ákveðið með
hæfilegu tilliti til þeirra hlunninda, er rekinn veitir leiguliðunum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um burðareyri undir póst- **64**
ávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands. — Í póknanlegu brjefi, dags. 28. maí.
31. jan. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til af ástæðum þeim, sem þar
eru teknar fram, að :

- 1, burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands
verði hækkaður upp í 27 aura fyrir hverjar 18 kr., eða að minnsta kosti upp í
18 aura fyrir hverjar 18 kr., svo og að
- 2, þegar slíkar póstávisanir sjeu keyptar á pósthúsinu í Reykjavík skuli eitt pund
sterling gilda 18 kr. 15 aura.

Eptir að jeg hef skrifazt á við yfirstjórn póstmálanna um þetta efni, skal jeg,
um leið og jeg sendi yður eptirrit af brjefi yfirstjórnar póstmálanna til mín, þjónustu-
samlega tjá yður til póknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að vera yfirstjórn póstmál-
anna samdóma um, að eigi sje nægileg ástæða til að breyta til að því er snertir pen-
ingaskipti þau, sem nefnd eru undir 2. lið, þar sem ósamkvæmni sú, sem þjer, herra
landshöfðingi, bendið á, milli verðsins á pundi sterling á Íslandi þegar póstávisanir til
Bretlands hins mikla og Írlands eru inn borgaðar, og peningaskiptareglu þeirri, sem á-
kveðin er í samþykktinni 14. desbr. 1883 um skipti á krónumynt og pundi sterling,
er þýðingarlaus og á sjer að sama skapi stað milli Danmerkur og Bretlands hins mikla.
Aptur á móti finnst mjer rjett af ástæðum þeim, sem þjer hafið tekið fram í brjefi yðar,
að burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla sje hækkaður, en
þó svo, að tekið sje tillit til þess, að meðan Ísland heldur innborgunargildi því, sem
nú er þar á pundi sterling, 1 £ = 18 kr. 20 a., þá græðir það 5 aura á hverju pundi
sterling, þar sem 1 pund sterling gildir 18 kr. 15 a., þegar peningaskiptin eru gjörð
upp við Bretland hið mikla. Svo verður og að taka tillit til þess, að póststjórnin ís-
lenzka hefir nokkrar tekjur af póstávisunum frá Bretlandi hinu mikla til Íslands, þó
upphæð þeirra nemi ekki miklu. Þegar litið er á þetta hvorttveggja, má telja
nægilegt að hækka burðargjaldið í 18 aura fyrir hverjar 18 kr., eins og þjer stingið